

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 428/2013**

2013/EES/64/11

frá 8. maí 2013

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1033/2006 að því er varðar ákvæði  
Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., og um  
niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 929/2010 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,  
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-  
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfis-reglugerðin) <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2006 frá 4. júlí 2006 um kröfur er varða verklagsreglur um flugáætlanir á undirbúningsstigi flugs innan samevrópska loftrýmisins <sup>(2)</sup> er vísað til ýmissa ákvæða sem gilda um framlagningu, samþykki og dreifingu flugáætlana, ásamt breytingum á lykilháttum flugáætlunar á undirbúningsstigi flugs sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) mælir fyrir um. Síðan reglugerð (EB) nr. 1033/2006 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 929/2010 frá 18. október 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1033/2006 að því er varðar ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr. <sup>(3)</sup> hefur Alþjóðaflugmálastofnunin breytt þessum ákvæðum.
- 2) Tilvísanirnar í reglugerð (EB) nr. 1033/2006 skulu uppfærðar til þess að uppfylla alþjóðlegar, lagalegar skuldbindingar aðildarríkjanna og tryggja samræmi við alþjóðlegan lagaramma.
- 3) Lokaákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flugáætlun 2012 voru samþykkt og átti að beita þeim frá og með 15. nóvember 2012. Reglugerð þessari skal því beitt frá og með 15. nóvember 2012. Þar sem fyrrnefnd ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar voru ekki birt fyrir en 30. desember 2012 var ekki hægt að vísa til þeirra á réttum tíma, fyrir 15. nóvember 2012. Þar af leiðandi skal beita þessari reglugerð afturvirk.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1033/2006 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað textans í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1033/2006 komi eftirfarandi:

„Ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr.

1. Liður 3.3 í 3. kafla (flugáætlanir) úr 2. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar; Flugreglur (10. útg., júlí 2005, ásamt öllum breytingum til og með nr. 42).
2. Liður 4.4. í 4. kafla (flugáætlanir) og liður 11.4.2.2 í 11. kafla (skeyti um framvindu flugs) úr PANS-ATM skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 4444 (15. útg., 2007, ásamt öllum breytingum til og með nr. 4).
3. Ákvæði 2. kafla (flugáætlanir) og liður 6.12.3 í 6. kafla (áætlaður tími við svæðamörk) úr Svæðisbundnum viðbótarverklagsreglum, skjali nr. 7030, Svæðisbundnum viðbótarverklagsreglum fyrir Evrópu (5. útg., 2008, ásamt öllum breytingum til og með nr. 7).“

2. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 929/2010 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá og með 15. nóvember 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. maí 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 127, 9.5.2013, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 186, 7.7.2006, bls. 46.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 273, 19.10.2010, bls. 4.